

62  
11. júní

## Auglýsing

### um staðfesting stjórnarráðsins á heilbrigðissamþykkt fyrir Hjalteyrarkauptún í Eyjafjarðarsýslu.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvbr. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Hjalteyrarkauptún í Eyjafjarðarsýslu:

### Heilbrigðissamþykkt

fyrir Hjalteyrarkauptún.

#### *I. Almenn ákvæði.*

##### 1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir alla Hjalteyri.

##### 2. gr.

Hreppstjóri Arnarnesshrepps er formaður heilbrigðisnefndar. Auk hans eiga sæti í nefndinni, einn maður er hreppsnefnd kýs til 3 ára, og annar er sýslunefnd tilnefnir af íbúum kaupþúsins til jafnlangt tíma.

##### 3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa, eða hinir 2 nefndarmenn eða hjeraðslæknir óskar þess, þó eigi sjaldnar en 3 á ári, í marsmánuði, júnímánuði og októbermánuði. Hann ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundarbók gerðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriftir og annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt. Rísi ágreiningur milli nefndarmanna, er rjett að skjóta málinu undir úrskurð sýslumanns.

Hjeraðslæknir og sýslumaður eiga heimtingu á að sitja á fundum nefndarinnar og taka þátt í umræðum, en ekki atkvæðagreiðslu. Ritfangakostnað skal greiða úr hreppssjóði eftir reikningi.

##### 4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á að heilbrigðissamþykktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka alt það, er um ræð-

ir í þessari samþykkt, og þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á **62** almannafæri eða einstakra manna eign. Ef nokkur nefndarmaður annar en **11. júní** formaður krefst inngöngu í hús manna, skal hann hafa skriflegt umboð frá formanni nefndarinnar.

Heilbrigðisnefndin skal færa í eina bók alt það er hún finnur aðfinsluvert samkvæmt þessari samþykkt, og skriflega skipa þeim, er hlut eiga að máli, fyrir um hvað gera skuli til umbóta, ella tilkynna sýslumanni, ef um brot er að ræða gegn samþykktinni.

#### 5. gr.

Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarbót, sem hefir kostnað í för með sjer, skal hún leggja málið fyrir hreppsnefnd, og fara fram á að fjeð sje veitt úr hreppssjóði. Neiti hreppsnefnd slíkri fjárveitingu er heilbrigðisnefnd heimilt að skjóta málinu til sýslunefndar.

### II. Um íbúðarhús.

#### 6. gr.

Öll hús, sem notuð eru til íbúðar, skulu vera svo gerð að unt sje að halda þeim hreinum, gluggar skulu vera á hjörum, að minsta kosti 1 í hverju herbergi, nema önnur loftræsing sje viðhöfð, og trjególf í öllum íbúðarherbergjum.

Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda húss, að ræstað sje herbergi, sjeu þau svo óhrein að nefndin áliti húsbúum hættu búna.

#### 7. gr.

Nú er íbúðarhús svo illa gjört, hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álitur heilsu manna hættu búna af íbúðinni, getur þá nefndin bannað íbúðina. Skal hún tilkynna eiganda eða leigjanda húss bannið skriflega, og færa rök fyrir, og skal þá fólkið fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, verði húsið eigi bætt á þeim tíma svo nefndinni þyki viðeigandi. Þó er húseiganda frjálst innan 8 daga, að skjóta úrskurði nefndarinnar til sýslumanns, en hann leitar álits hjeraðslæknis og leggur úrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

#### 8. gr.

Kjallara má ekki nota til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndar. Kjallara undir íbúðarhúsum skal verja því, að vatn standi í þeim nokkurn tíma.

*III. Um skóla.*62  
11. júní

## 9. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða skólahúsið tvisvar til fjórum sinnum á ári. Skólabörn mega ekki vera fleiri en svo að 80 rúmfet að minsta kosti komi á nemanda hvern í skólastofunni. Gólf í kenslustofu skal þvo minst tvisvar í viku, en aldrei sópa þurt.

## 10. gr.

Verði heilbrigðisnefnd þess vör að nemandi eða kennari hafi einhvern næman sjúkdóm, skal hún tilkynna það hjeraðslækni, og tilkynna nöfn og heimili þeirra, er sjúkir eru. Áliti læknir þá að um sóttnæmishættu sje að ræða, getur heilbrigðisnefnd bannað að kennari eða nemandi komi í skólann meðan svo er. Hold sveik börn mega ekki ganga í skóla, nje holdsveikir menn fást við kenslu.

*IV. Um bókunarhús.*

## 11. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á bókunarstofum í kaптúninu, og skipa bökurum að þvo gólf, loft og veggj hvenær sem óhreint er.

Þeir menn mega ekki vinna að brauðgerð, er tæringu hafa nje nokkurn annan næman sjúkdóm, eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum. Deig má ekki hnoða með fótum. Öll tóbaksnautn er bönnuð í bakarastofum, og enginn má sofa í stofunum.

*V. Um verzlunarbúðir o. fl.*

## 12. gr.

Verzlunarbúðir, fundarhús og hús, sem notuð eru til skemtana, skulu þvegin hátt og lágt að minsta kosti einu sinni á ári, og gólf í þeim húsum á hverjum morgni, ef þau eiga að notast að deginum. Í verzlunarbúðum, skólum og öllum þeim húsum sem notuð eru til opinberra mannfunda, skulu vera nægilega margir hrákadallar, og vera vandlega hreinsaðir í hvert sinn er húsin eru notuð. Nánari ákvæði um gerð hrákadalla o. fl. setur heilbrigðisnefnd í hvert skifti. Verði kirkja bygð í kaптúninu, gilda hinar sömu reglur fyrir hana.

Í skólum, kirkjum og fundarhúsum skal loftræsing vera svo sem heilbrigðisnefnd ákveður.

VI. *Um fróðræslu.*

62

11. júní

## 13. gr.

Eldhússkólpi og þvottaskólpi má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum, að hætta sje á að jarðvegurinn saurgist. Skal veita öllu skólpi í opnum eða lokuðum ræsum burt frá húsunum, svo langt, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa. Öll skólpræsi, hvort heldur á almannaferi eða einstakra manna eign, skulu vera svo víð og hallajöfn, að hvergi standi í þeim pollar, eða flói út úr þeim, og skal hreinsa þau svo oft, að ekki leggi ódaun úr þeim.

Undantekning frá ræslugerðinni má heilbrigðisnefnd gera, ef viðkomendur heldur kjósa að bera skólpi svo langt burtu sem nefndin telur hættulaust.

## 14. gr.

Ef ræsi er gert á opinberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga þar nærri, skyldir að gera skólpræsi hver frá sínu húsi út í það ræsi, og skulu þau ekki miður gerð en aðalræsið. Skyldir skulu eigendur sildar og lýsisbræðsluhúsa að gera ræsi frá húsum þessum, ef heilbrigðisnefnd álitur þess þörf.

VII. *Um vatnsból.*

## 15. gr.

Öll vatnsból skal verja hverskonar óhreinindum. Er bannað að láta í þau fara eða að þeim koma renslí úr skólpræsum, forum, haugstæðum, salernum, eða peningshúsum; má eigi láta í þau fara eða nærri þeim neinskonar saurindi sörp, slor, eða hræ, og ekki þvo í þeim eða fast við þau, hvorki fatnað, fisk, ull nje neitt annað er óhreinkar vatnið. Bannað er að leggja húðir í bleyti í vatnsból eða nærri þeim.

## 16. gr.

Brunn má ekki hafa nær haugum, forum, eða salernum en svo, að milli-bilið sje 12 metrar. Engan brunn má grafa nema í samráði við heilbrigðisnefnd. Hún getur og bannað að taka vatn úr brunnum um stundarsakir, ef hún álitur vatnið óheilnæmt, og skipað fyrir um að fylla brunna, sem ekki verður gert við.

## 17. gr.

Verði vatnsleiðsla gerð í kaupúninu, skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með henni, og sjá um að vatnsþrór sjeu hreinsaðar nægilega, og umbúnaður um þær sje nægur og góður.

VIII. *Um peningshúss, hauga og forir.*

18. gr.

Stórgripi eða sauðfje má ekki hafa í mannhúsum.

19. gr.

Vilji einhver reisa peningshús eða gera for, haugstæði eða haugshús, skal hann gera heilbrigðisnefnd aðvart áður en hann byrjar verkið. Skal hún þá gæta þess að haldin sju fyrirmæli þau er hjer fara á eftir.

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli en nemi 12 metrum. Fjós má ekki setja nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 metrum. For má ekki hafa nær alfaravegi eða íbúð en nemi 12 metrum, og ekki nær vatnsbóli en nemi 12 metrum. Forarveggir skulu ná minst  $\frac{1}{2}$  meter yfir jörð, og vera lokaðar með nægilega sterkum trjehlerum.

Standi hús þjett saman, getur heilbrigðisnefnd bannað mykjuhauga og haugshús, og heimtað að forir sju gerðar úr grjóti og steinlími svo þær sju vel vatnsheldar, bæði botn og veggir.

20. gr.

Valdi peningshús, haugstæði eða forir, sem eldri eru en þessi samþykkt, miklum óþrifnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarinnar greinar, en heimilt er þó viðkomanda að skjóta skipun nefndarinnar undir úrskurð sýslumanns, en hann leiti álits hjeraðslæknis og leggi síðan úrskurð á málið.

IX. *Um salerni.*

21. gr.

Hverju íbúðarhúsi skal fylgja sjerstakt salerni, er sett sje á þeim stað sem heilbrigðisnefnd ákveður í hverju einstöku tilfelli. Gólf í salerni skal vera steinlímt, eða úr hefluðum og plægðum gólfborðum, og liggi gólfíð hærra en jarðvegurinn í kring. Hafa skal í því saurkagga vel vatnsheldan, er falli fast að setunni. Hafa má salerni innanhúss í sjerstökum klefa, ef góður loftsúgur er í klefanum, og saurilátin tæmd daglega. Ef vatnsheld for er hjá húsi má hafa salerni yfir henni, þannig að saurindi fari jafnóðum í færina, en loftræsing skal þá vera góð í salerninu.

22. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hrein, og saurilátin tæmd jafnóðum og þau fyllast. Heilbrigðisnefnd skal segja fyrir hvar láta megi saur úr salernum.

## 23. gr.

62

11. júní

Ef engin salerni fylgja húsum þeim, er eldri eru en þessi samþykkt, eða þau eru illa gerð og óþrifaleg, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum, að þeir geri ný salerni samkvæmt 21. gr.

Heimilt skal heilbrigðisnefnd að láta byggja salerni, eitt eða fleiri, til almenningsnota á vertíðum. Kostnaður við byggingu þeirra og hirðingu greiðist úr sveitarsjóði.

X. *Um sorp og önnur óhreinindi.*

## 24. gr.

Sorphauga og sorpgryfjur má ekki hafa nær íbúðarhúsum nje vatnsbólum en nemi 12 metrum. Flytja skal burtu alt sorp þangað sem heilbrigðisnefnd ákveður, að minsta kosti tvisvar á ári, vor og haust. Heilbrigðisnefnd getur heimtað, að sorpi og ösku sje safnað í laus ílát úr málmi, og flutt burtu jafnóðum og þau fyllast á þann stað, er hún tiltekur.

## 25. gr.

Það er skylda sjómanna að varpa öllu slori og fiskiúrgangi samdægurs í sjó, nema því sje safnað í gryfjur með ráði heilbrigðisnefndar, borið á tún eða hagnýtt á annan hátt, og sje þá einnig gjört samdægurs, og öll fjara, fiski- og síldar-pallar og önnur áhöld hreinsuð í hvert sinn er þau eru notuð. Formenn og eigendur úthalda bera ábyrgð á að þessu ákvæði sje hlýtt.

## 26. gr.

Ef óhreinindi safnast fyrir, svo að fylulykt eða daunilt renslí fer út á alfaraveg, eða inn á eign þeirra er næstir búa, getur heilbrigðisnefnd skipað þeim, er óþrifnaðinum veldur, að flytja óhreinindin tafarlaust burt.

## 27. gr.

Hver sá iðnaður, er óþrifnaður fylgir eða óhollusta, svo sem síldar-, lýsis-bræðsla, fiskþvottur og fl., skal vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar, og fyrir-mælum hennar að því er hreinlæti snertir, bæði utanhúss og innan. Bannað er að safna síld í hauga, nema utan um hana sjeu gjörð sterk byrgi, annaðhvort úr grjóti og steinlími, eða sterkum trjávið, svo byrgin sjeu vel vatnsheld bæði botn og veggir, og skal slík bygging vera háð eftirliti heilbrigðisnefndar.

XI. *Um slátrun.*

## 28. gr.

Slátrun á sauðfje og náutgripum fari fram á afviknum stað, og er háð

**62** eftirliti heilbrigðisnefndar. Á blóðvelli skal hafa sjerstakt ílát fyrir sulli, sem 11. júní skulu brendir að kveldi hvers slátrunardags. Eigendur sláturfjár eru skyldir að hreinsa vel blóðvöll í hvert sinn og slátrað er.

### *XII. Um matvöru.*

29. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á að ekki sje höfð á boðstólum matvara innlend eða útlend er sje svikin, skemd eða skaðleg heilsu manna; skal henni heimilt að kaupa sýnishorn af hverri matvöru, er hún telur líkur til að sje svikin eða skemd, og láta rannsaka hana á kostnað sveitarsjóðs. Leiði sú rannsókn í ljós, að varan sje skemd eða skaðleg, má banna seljanda að hafa hana á boðstólum.

### *XIII. Um næma sjúkdóma.*

30. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómum, skal heilbrigðisnefndin aðstoða hjeraðslækni við sóttvörnina.

Ef næmur sjúkdómur kemur upp á svæði því, sem samþykkin nær yfir, er heilbrigðisnefnd heimilt að setja um stund strangari fyrirmæli en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utanhúss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

### *XIV. Um kirkjugarða.*

31. gr.

Verði gerður kirkjugarður í kaптúninu eða hann stækkaður skal leita álits heilbrigðisnefndar, og getur hún heimað að garðstæðið sje þurkað með lokræsum, ef það er raklent, svo vatn nái ekki í grafirnar nokkru sinni.

Vatnsból skulu eigi vera nær kirkjugarði á jafnsljettu eða undan brekku en nemi 70 metrum.

Svo fljótt sem við verður komið skal láta kirkjugarðinn vallgróa.

### *XV. Um sektir.*

32. gr.

Ef menn brjóta samþykkt þessa eða vanrækja á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur henni samkvæmt, þá varðar það sektum frá 5—200 króna, er renna í sveitarsjóð. Kjósi heilbrigðisnefnd heldur að láta vinna

verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er **62** henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, 11. júní en taka hann síðan lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. ágúst 1914.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

### Í stjórnarráði Íslands, 11. júní 1914.

Í fjarveru ráðherra

**Kl. Jónsson.**

*Eggert Briem.*

## Samþykkt

**63**  
6. júlí

### fyrir girðingarfelag Bræðratungusóknar í Biskupstungnahreppi.

Hreppsnefndin í Biskupstungnahreppi í Árnessýslu hefir, samkvæmt girðingalögum 22. nóv. 1913, gjört eftirfarandi

### samþykkt

fyrir girðingarfelag Bræðratungusóknar.

1. gr.

Með samþykkt þessari ákveður girðingarfelag Bræðratungusóknar, að setja á næsta vori 5 þætta gaddsvirsgirðingu þvert yfir Eystritunguna, milli Tungufljóts og Hvítár, á landamerkjum Drumboddsstaða og Einhólts.

2. gr.

Í girðingarfelaginu eru allir í Bræðratungusókn, sem jörð hafa til ábúðar nú og eftirleiðis. Svo og aðrir þeir heimilisfastir menn í sókninni, er fjenað hafa undir höndum,